

Mál 31/2017

Ár 2018, föstudaginn 11. maí, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 35/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 14. desember 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 15. september 2017 hafi komið í ljós að Siberian Husky tíkin A var ekki orðin tveggja ára við þörun, þegar hún var þöruð við rakkann B.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. mars 2018 og henni gefinn andmælafrestur til 13. apríl 2018. Svar ódags. barst frá kærðu. Viðurkenndi kærða mistök sín en benti jafnframt á 19. gr. reglugerðar um velferð gæludýra nr. 80/2016 gengi skemur en reglur HRFÍ. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 15. september 2017 hafi komið í ljós að Siberian Husky tíkin A var ekki orðin tveggja ára við þörun, en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík að hafa náð tveggja ára aldri við þörun. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum segir:

„3. Ræktandi

3.3. Þar ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands.“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin var of ung og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg gegn 3. grein í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir